# AÐALSKIPULAG AKRANESS 2021-2033

## Breyting á aðalskipulagi. Dælustöð við Skógahverfi

Bæjarstjórn Akraness samþykkir eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Akraness 2012-2024.

Gert er ráð fyrir nýrri dælustöð fráveitu við Lækjarskóga norðan íbúðarbyggðar í 5. áfanga Skógahverfis. Deiliskipulagi 5. áfanga Skógahverfis og deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna verður breytt þannig að lóð dælustöðvar er afmörkuð og settir skilmálar um bygginguna. Dælustöðin verður neðanjarðarmannvirki en sýnileg á yfirborði. Bygging hennar kallar á samræmingu við frágang aðliggjandi útivistarsvæðis og votlendis við Miðvogslæk.

### Breytingar á greinargerð

#### Kafli 3.7 Iðnaðarsvæði (I)

Nýrri línu er bætt í töflu í kafla 3.7 fyrir I-243, dælustöð fráveitu við Lækjarvelli. Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar.

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| I-243 | 0,1 | Dælustöð fráveitu við Lækjarskóga | Óbyggt 2023. | Mannvirki neðanjarðar. Frágangur á yfirborði skal samræmdur frágangi aðliggjandi votlendis og útivistarsvæðis. |

### Breytingar á skipulagsuppdrætti

Tákn fyrir iðnaðarsvæði/dælustöð, I-243, er fært inn á aðalskipulagsuppdrátt.

### Umhverfismatsskýrsla

Ný lóð og dælustöð fráveitu hefur áhrif á landmótun og frágang við Miðvogslæk og kallar á samræmingu við umhverfishönnun votlendisins. Dælustöðin er mikilvæg í fráveitukerfi bæjarins til þess að tryggja rennsli frá efri hluta byggðar á Akranesi. Breytingin hefur engin áhrif á umferðaröryggi á svæðinu og skerðir ekki umhverfi eða aðstöðu nágranna.

- - -

Breytingin er óveruleg sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin hefur engin áhrif á hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og veitufyrirtækis.




Gildandi skipulag

N




Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

SKÝRINGAR

Mörk skipulagssvæðis, sveitarfélagsmörk

LANDNOTKUN
- ÍB Íbúðarbyggð
- M Miðsvæði, miðbær
- VÞ Verslun og þjónusta
- S Samfélagsþjónusta
- OP Opin svæði
- ÍÞ Íþróttasvæði
- AF Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- K Kirkjugarðar og grafreitir
- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði
- AT Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- H Hafnir
- ST Strandsvæði
- SN Sérstök not hafsvæða
- ÓB Óbyggð svæði
- AB-123 Merking landnotkunarreita
- A Þróunarsvæði

VERNDARSVÆÐI
- HV Hverfisvernd
- FS Friðlýst svæði
- VB Vatnsból
- VG Vatnsvernd, grannsvæði
- Minjavernd

ÞJÓNUSTUKERFI
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Safngötur og tengingar við aðalgatnakerfi (til skýringar)
- Stofnstígur
- Tengistígur
- Strandstígur
- Reiðleið
- Landsbyggðarstígur
- Undirgöng
- Flutningslínur rafveitukerfis Loftlínur
- Flutningslínur rafveitukerfis Jarðstrengir
- Stofnlögn hitaveitu
- Stofnlögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann

28.08.2023

BÆJARSTJÓRINN AKRANESI

bæjarstjórinn á Akranesi

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 07.11.2023

SKIPULAGSSTOFNUN

BREYTING

01

Verk: 11-975/23-739
Dags. 18.7.2023

TEIKNA
TEIKNISTOFA ARKITEKTA
KAUPANGI V/MÝRARVEG
600 AKUREYRI
SÍMI 461 5508
NETFANG: arni@teikna.is